



BÓLUSETNINGAR SEM KRAFIST ER FYRIR SKIPTINÁM

AFS á Íslandi brýnir fyrir umsækjendum að þeir hugi vel að öllum bólusetningum áður en haldið er af stað í skiptinám. Í heilsuskýrslu sem fylgir framhaldsumsókn er gerð krafa um að læknir fylli samviskusamlega inn allar upplýsingar um heilsu umsækjanda eins og beðið er um í skýrslunni. Sérstaklega mikilvægt er að allar bólusetningar sem umsækjandinn hefur fengið frá barnsaldri séu fylltar út á seinna blaði skýrslunnar. Þar verður að rita inn allar dagsetningar fyrir hverja bólusetningu því AFS tekur ekki á móti viðhengjum né afriti af bólusetningarskírteini, nema sérstaklega sé um það beðið. Gæta þarf þess að rita ekki " á línurnar þó að bólusetning við einum sjúkdómi sé gerð á sömu dagsetningu önnur bólusetning þar á undan.

Athugið: Læknirinn sem framkvæmir skoðun má ekki vera ættingi eða einhver nákominn umsækjanda.

Blóðflokkagreining: Allir umsækjendur til Kína og Argentínu þurfa að fara í blóðflokka- greiningu ef hún liggur ekki fyrir, heimilislæknar gefa tilvísun á þannig greiningu.

Berklapróf: Þó ekki séu framkvæmd regluleg berklapróf hér á landi þá er gerð krafa um þau hjá mörgum af samstarfslöndum okkar, einkum hjá Bandaríkjunum. Látið heimislækni eða heilsugæslu vita að þið þurfið að fá þannig próf þegar þið pantið tíma í læknesskoðunina. Niðurstöðuna þarf að merkja skilmerkilega inn, undir lið 17 í heilsuskýrslunni, þegar hún liggur fyrir.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO: Stofnunin flokkar bólusetningar í; "routine" reglubundnar, hluti þeirra eru barnabólusetningar, og "selective" ráðlagðar fyrir ferðamenn. Athugið að skiptinemar geta ekki talist til *ferðamanna* þar sem þeir dvelja lengur en 3 mánuði í hýsingarlandinu. Stofnunin hvetur til að allar reglubundnar bólusetningar séu gildar, það er að ekki hafi liðið of langur tími frá síðustu bólusetningu þannig að hún sé ekki virk lengur.

Reglubundnar bólusetningar eru: **Íslenskt heiti:** **Umsækjandi á að hafa fengið við - aldur - :**

Diphtheria	Barnaveiki	3m, 5m, 12m, 4á, 14á
Hepatitis B	Lifrabólga B	
Haemophilus influenzae type b	Bakteríusýking	3m, 5m, 12m
Human papillomavirus	Kynfæravörtur	
Seasonal influenza	Árstíðabundin flensa	
Measles	Mislingar	18m, 12á,
Mumps	Hettusótt	18m
Pertussis	Kikhósti	3m, 5m, 12m, 14á
Rubella	Rauðir hundar	18m, 12á
Pneumococcal disease	Ífarandi sýking	3m, 5m, 12m
Poliomyelitis (Polio)	Mænusótt	3m, 5m, 12m, 14á
Rotavirus	Niðurgangssýking	
Tuberculosis (TB)	Berklar	
Tetanus	Stífkrampi	5m, 12m, 4á, 14á
Varicella	Hlaupabóla	

Ráðlagðar bólusetningar eru: **Íslenskt heiti:** **Umsækjandi á að hafa fengið við - aldur - :**

Cholera	Kólera	
Hepatitis A	Lifrabólga A	
Hepatitis E	Lifrabólga B	
Japanese encephalitis	Japönsk heilabólga	
Meningococcal disease	Meningókokkar	6m, 8m
Rabies	Hundaæði	
Tick-borne encephalitis	Mítillborin heilabólga	
Typhoid fever	Taugaveiki	
Yellow fever	Gula	

Hér á eftir verða listaðar þær bólusetningar sem öll umsóknarlönd AFS krefjast, athugið að listinn er engan veginn tæmandi. Listinn styðst einnig við kröfur Alþjóðaheilbrigðismála- stofnunarinnar, WHO, en við hvetjum þó alla okkar umsækjendur til þess að setja sig líka í samband við; Göngudeild sóttvarna; <https://www.heilsugaeslan.is/onnur-thjonusta/gongudeild-sottvarna/> og fá upplýsingar um hvaða sprautur þeir mæla með að umsækjandinn fái einnig áður en hann heldur til þess lands sem hann hefur sótt um.

		Land																																				
		Argentína	Austurríki	Ástralía	Belgía	Bosnía-Hers.	Bólívía	Brasíla	Chíle	Kosta Ríka	Danmörk	Ekvador	Spánn	Frakkland	Þýskaland	Hong Kong	Ungverjaland	Indónesía	Indland	Ítalía	Japan	Lettland	Malasía	Mexíkó	Noregur	Nýja Sjáland	Panama	Pólland	Portúgal	Rússland	Serbía	Sviss	Slóvakía	Slóvenía	Tæland	Bandaríkin*		
Hepatitis: Lifrabólga A/B																																					2*A / 3*B	
Yellow fever: Gulusótt																																						
Skógarmítill																																						
Barnbólusetningar	Meningo-coccal: Heilahimnu-bólga																																				Nimenrix	
	MMR: Mislingar hettusótt rauðir hundar																																				2	
	DPT/DTaP: Barnaveiki kighósti stífkrampi																																				5	
	Tetanus: Stífkrampi																																					
	OPV/IPV: Mænusótt																																				3-4	
	Hib: Haemofilus influenza																																					
Varivax/Varicella: Hlaupabóla																																						
BCG_TB: Berklapróf																																						
Blood type: Blóðflokkur																																						
HPV: Stúlkur																																						
Typhoid: Taugaveiki																																						

Litakóði

 	Skylda
 	Mælt með
 	Endurnýja ef > 5 ár frá bólusetningu
 	Endurnýja ef > 10 ár frá bólusetningu

Fjöldi bólusetninga

 	2
 	5 (4 ef sú síðasta var gefin eftir 4 ára aldur)
 	3-4 (3 ef gefið var óblandað um eða eftir 4 ára aldur, 4 ef gefið var blandað um eða eftir 4 ára aldur)

Taflan endurspeglar kröfur landanna og WHO (World Health Organization). Umsækjendur geta þó verið skyldaðir til að fá frekari bólusetningar v/áritana og/eða tímabundinnar smíthættu.

* Sumir skólar í Bandaríkjunum gera ríkari kröfur um bólusetningar en kemur fram hér að ofan, haft verður samband við þá umsækjendur sem þurfa frekari bólusetningar fyrir brottför.

Bólusetningar getur þó verið krafist eftir að skiptinám hefst og er þá alfarið á kostnað þátttakanda.